



Alþingi
Erindi nr. P 139/284
komudagur 17.11.2010

17. nóvember 2010
SÍ-68197

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 10. nóvember 2010 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, 131. mál.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að frumvarpið hafi áður verið lagt fram á 138. löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu og sé því lagt fram að nýju. Í hinu nýja frumvarpi hefur verið gerð sú breyting frá því fyrra að nú er lagt til að kærugjald sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins verði endurgreitt ef mál vinnst fyrir nefndinni en að öðru leyti er frumvarpið lagt fram óbreytt.

Seðlabankinn sendi inn umsögn með fyrra frumvarpi þann 18. maí 2010 en þar segir:

„Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að alþjóðleg samstaða hafi orðið um það að verndun eða efling virkrar samkeppni sé afar mikilvæg í efnahagskreppum. Um þetta sé m.a. fjallað í skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda um samkeppni og efnahagskreppur sem birt var síðla árs 2009. Þar komi fram það mat að virk samkeppni og samkeppnisstefna sé ein af forsendum norræna velferðarkerfisins. Af fjármálakreppum fyrri tíðar megi læra að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægdum. Samkeppni milli fyrirtækja sé þannig mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld. Telur ráðuneytið að þessi sjónarmið eigi augljóslega við hér á landi og því mikilvægt að huga að styrkingu samkeppnislaga. Að lokum segir að frumvarpið sé lagt fram í þessu skyni.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og styður framgang þess.“

Umsögn Seðlabankans er óbreytt og jafnframt gerir Seðlabankinn ekki athugasemd við þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir í 1. gr. að kærugjald verði endurgreitt vinnist mál fyrir nefndinni.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur